

Lesefni við lokahátíðir
Stóru upplestrarkeppninnar
í 7. bekk

2014–2015



Skáld keppninnar
Guðrún Helgadóttir
og Anton Helgi Jónsson

Raddir,
samtök um vandaðan upplestur og framsögn
febrúar 2015

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur, Þórði Helgasyni og Baldri Sigurðssyni til flutnings á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk vorið 2015.

Búningur sögunnar eftir Guðrúnu Helgadóttur er miðaður við munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar er það aðlagað örlítið og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

Efni kversins

Inngangur — leiðbeiningar	4
Um val á lesköflum	4
Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð	5
Um röð flytjenda	5
Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð.....	6
Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni <i>Öðruvísi fjölskylda</i> eftir Guðrúnu Helgadóttur.....	7
Inngangur kynnis	7
Önnur umferð: Ljóð eftir Anton Helga Jónsson	27
Inngangur kynnis	27

Inngangur — leiðbeiningar

Um val á lesköflum

Hér birtist skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar vorið 2015. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali.

Í fyrstu umferð verða fluttar svipmyndir úr sögunni *Öðruvísi fjölskylda* eftir Guðrúnu Helgadóttur. Þessum svipmyndum er hér skipt í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Til þess að sem best samhengi fáiast í flutninginn er mælt með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

8 lesarar	1-4, 16, 13-15 eða 5-12
9 lesarar	1-4, 13-15, 17-18 eða 1, 5-12
10 lesarar	1-4, 13-18 eða 3-12
11 lesarar	2-12 eða 5-15
12 lesarar	1-12 eða 5-12, 16, 13-15
13 lesarar	5-15, 17-18
14 lesarar	1-12, 17-18 eða 5-18
15 lesarar	1-15
16 lesarar	3-18
17 lesarar	2-18
18 lesarar	1-18

Flytjendur fá að undirbúa þá kafla sem fluttir verða á hverri hátíð í viku til tíu daga. Á lokaæfingu, eða daginn fyrir loka-hátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

Í annarri umferð lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Anton Helga Jónsson. Þeir skulu velja eitt af þeim tíu ljóðum sem prentuð eru í þessu hefti. Gott er að val nemenda dreifist á sem flest ljóð.

Í þriðju umferð lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt. Gott er að kennarar hvetji nemendur til að velja ljóð utan skólabóka.

Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að sögu Guðrúnar Helgadóttur eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að ljóðunum eftir Anton Helga eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð getur kynnir þess í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftar og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____

Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni *Öðruvísi fjölskylda* eftir Guðrúnu Helgadóttur

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar að þessu sinni eru tvö: Guðrún Helgadóttir og Anton Helgi Jónsson.

Guðrún Helgadóttir fæddist í Hafnarfirði árið 1935 og hefur alveg frá því að fyrsta bók hennar um þá bræður Jón Odd og Jón Bjarna kom út árið 1974 verið afar vinsæll höfundur. Guðrún er nú höfundur Stóru upplestrarkeppninnar í annað sinn en í fyrra skiptið var það í tilefni af sjötugsafmæli hennar og nú, tíu árum seinna, viljum við heiðra hana í tilefni af áttræðisafmælinu.

Það sem gerir Guðrúnu að einum ástsælasta barnabókahöfundi landsins er sú staðreynd að bækur hennar eru sérstaklega skemmtilegar. Guðrún er mjög næm á sálarlíf barna en gleymir því ekki að jafnvel þegar á móti blæs getur lífið veitt okkur ánægjustundir. Bækur Guðrúnar flytja okkur líka boðskap – þann sannleika að börn eru mikils virði og þau eiga að njóta virðingar.

Við heyrum að þessu sinni lesna kafla úr bókinni *Öðruvísi fjölskylda* og fylgjumst með Karenu Karlottu Karlsdóttur og því sem á daga hennar og annarra í fjölskyldunni drífur. Sagan leiftrar af fjöri og skrýtnum uppákomum, kátlegum atburðum og litríkum persónum, en Karen Karlotta skynjar líka ósköp vel alvöru lífsins. Í dag heyrum við meðal annars um þegar Karlotta amma tekur að sér innbrotspjóf, og Karlotta yngri veltir fyrir sér unglिंगaveikinni. Guðrún hikar ekki við að takast á við alvarleg viðfangsefni, eins og stríðni, einmanaleika og ógæfu, og gerir það á sinn sérstaka og gamansama hátt.

Góða skemmtun!

1.

Eftir alla þessa öðruvísi daga í haust er lífið mitt allt svo miklu betra.

Auðvitað er ég ennþá sú sama Karen Karlotta Karlsdóttir og ég var. Og þó. Kannski er ég ekki alveg sú sama. Bræður mínir, Marteinn og Jöri, hafa ekki mikið breyst en Matthildur systir er eins og ný manneskja. Síðan hún fór að vera með Gumma og gerðist hreint út sagt gáfnaljós. Hann er svo rosalega gáfaður, þó að sumum finnist það skrítið af því að hann er frá Sri Lanka og brúnni en almennt gerist. Þau verða alveg klárlega stúdentar í vor og pabbi getur ekki leynt því hvað hann er montinn af Matthildi.

Pabbi.

Nei, hann pabbi hefur lítið breyst. Það er miklu frekar mamma sem er einhvern veginn glaðari en hún var. Það er naumast að þú ert hress, frú Sigurbjörg, segir pabbi stundum þegar hann kemur dauðþreyttur heim og getur varla haldið sér vakandi yfir matnum.

Ég held næstum því að flugan sé endanlega á förum úr höfðinu á mér. Núna langar mig sárastjaldan til að fljúga burt, svo að hún lætur ekki oft á sér kræla lengur. Það er einhvern veginn miklu færra sem fer í taugarnar á mér núna en áður, þegar hún var alltaf á fleygiferð. Annaðhvort hef ég breyst eftir allt sem kom fyrir okkur í vetur, eða allir hinir hafa breyst. Eða við höfum barasta öll breyst. Allt er allavega miklu betra.

2.

Baddí, besta vinkona mín, er í fínu formi. Auðvitað fóru þau ekkert til Kanaríeyja um jólin og Baddí var dauðfegin. Það hafði aldrei verið sérlega gaman hjá þeim á Kanaríeyjum. Alltaf allt í rugli. Pabbi hennar var á spítalanum öll jólin og lengi eftir það og það besta er: Hann er algjörlega hættur að drekka. Og elta konur út um allan bæ. Hann lítur ekki á eina einustu konu nema mömmu hennar Baddíar. Og Baldur bróðir hennar er hættur að láta eins og hálfviti í skólanum og alls staðar, hann var næstum orðinn glæpamaður og hélt að það væri eitthvað fínt, og Bóbó litli er alsæll. Ég er rosalega fegin. Ég er meira að segja farin að kunna bara vel við pabba hennar Baddíar.

Og við heima hjá okkur?

Bara ágæt. Svoleiðis.

Ég fer ekki lengur á taugum þó að pabbi segi eitthvað skrítið eða ropi við matborðið. Ég er nefnilega búin að uppgötva að hann er frábær þrátt fyrir það. Og annað er ég líka búin að uppgötva, og það er, að stundum er bara gott að hlæja að því sem er svolítið öðruvísi í stað þess að vilja endilega breyta því. Ég var líklega allt of alvarleg. Jafnvel frekar geðvond, eða hvumpin eins og hún Karlotta amma kallaði það. Núna er ég búin að læra að vera bara þakklát fyrir lífið.

3.

Um allt þetta var ég að hugsa meðan við mamma þrömmuðum niður Laugavegin þennan hráslagalega febrúardag. Það var ekkert mjög kalt en snjóflygsurnar sem slettust öðru hverju framan í okkur voru frekar kaldar, sérstaklega ef þær fóru í augun. Það var orðið langt síðan við mamma höfðum farið saman í bæinn, því að mamma var alltaf að vinna, en svona hafði allt breyst. Mamma var ekki lengur fram eftir öllu á hárgreiðslustofunni hvern einasta dag og pabbi var farinn að koma heim í kvöldmatinn á réttum tíma, svo að við borðum núna öll saman eins og almennilegt fólk.

Mömmu finnst ofsalega gaman að fara í búðir en mér þykir það hundleiðinlegt. Maður verður algjörlega ruglaður, það er svo mikið til. Þegar maður er búinn að ákveða að kaupa eitthvað sér maður bara eitthvað annað sem er ennþá flottara og þá veit maður ekki sitt rjúkandi ráð. Og svo er ég þannig að ég vil helst ekki eyða peningum. Ég er svo hrædd um að þá verðum við fátæk og það finnst mér alveg hræðileg tilhugsun. Að verða fátækur eins og Karlotta amma var, og borða bara ruður.

Jesús minn!

Við römbuðum búð úr búð og skoðuðum og skoðuðum. Konurnar í búðunum vildu að mamma keypti allt sem hún skoðaði en mamma vissi alveg hvað hún vildi.

4.

Hún ætlaði að kaupa úlpu á mig og ein konan lét mig máta eina alveg sjálflysandi fjólubláa og gula með einhverjum glitrandi blómum á. Þá fórum við mamma nú bara að hlæja. Ég held að konan hafi verið svolítið móðguð. Á endanum keyptum við reglulega fína bláa úlpu sem ég var harðánægð með. Svo keyptum við nærur á strákana, ég get svarið að þeir TÝNA nærbuxunum sínum, fara bara heim í leikfimbuxunum og gleyma nærunum í íþróttahúsinu. Finna þeir ekki mun eða hvað? Og það væri nú meira en vandræðalegt að fara þangað til að gramsa í haug af skítugum nærbuxum í von um að finna sínar eigin. Mamma hefur oft farið og sótt alls konar önnur föt en nærbuxur af strákum eru allar eins. Held ég.

Þegar við vorum búnar að kaupa helling af íþróttasokkum í staðinn fyrir þá sem strákarnir týna líka, keyptum við hnífapör til að gefa Karlottu ömmu í nýju íbúðina. Þá settumst við inn á huggulegt lítið kaffihús og fengum okkur súkkulaði og eplaköku með þeyttum rjóma. Ég man að ég var að horfa á snjókomuna fyrir utan gluggann og hugsa um að svona ætti lífið alltaf að vera, rólegt og svona einhvern veginn skynsamlegt. Ekki ruglingslegt.

En maður veit aldrei hvað á eftir að gerast, svo að við sátum þarna bara, ég og mamma, og spjölluðum og mér fannst ég vera dálítið fullorðin.

5.

– Það sem er orðið fínt hjá þér, Karlotta, sagði mamma. Það eina sem við þurfum að líta á er aukaherbergið. Þar er eiginlega ekkert ennþá. Þú þyrftir að hafa þar bekk eða sófa, ef krakkarnir vilja gista hjá þér.

Karlotta amma beit í vörina eins og hún gerir stundum þegar einhver er að ráðleggja henni eitthvað. Sérstaklega ef hún er ekki sammála. Eða hún er að hugsa.

Hún flutti á Njálsgötuna í byrjun ársins. Í íbúðina SÍNA. Pabbi hafði tekið hana alla í gegn, skipt um glugga, lagað rafmagnið og lagt parket á gólf. Ömmu fannst þetta hreinn óþarfi og þegar kom að eldhúsinu sagði hún stopp. Eldhúsið hefði reynst fullgott hingað til. Hér hafði hún eldað ofan í hann Benjamín gamla þó að enginn bæði hana um það öll þessi ár, og við það var látið sitja. Það var ekki skrítið að hann lét hana fá íbúðina þegar hann dó, hann ákvað það sko áður en hann dó, því að hann þekkti engan annan en ömmu. Svo hjálpuðust allir að við að mála allt í hólf og gólf. Meira að segja bókahillurnar hans Benjamíns voru málaðar hvítar og voru æðislegar á ljósbláum veggnum. Amma hafði haldið eftir einhverjum bókum, ævisögum og ferðasögum og svoleiðis bókum. Hitt hafði allt farið í Þjóðarbókhöðuna. Í sumum hillunum voru bara myndir af mömmu og pabba og okkur krökkunum og einhverju gömlu fólki. Í sumum voru blóm. Það var virkilega flott.

6.

– Já, aukaherbergið, sagði amma. Það er vísast rétt. Ég þarf að fá mér eitthvað til að liggja á í það. Það getur verið að ég þurfi að nota það.

Mamma horfði á hana. Til hvers þarftu að nota það? spurði hún óróleg.

– Þú ert þó ekki að taka einhvern að þér, Karlotta?

Amma horfði út um gluggann.

– Það kom nú reyndar dálítið fyrir hérna einn morguninn, sagði hún. Eða eina nóttina.

Mamma saup hveljur.

– Karlotta, viltu segja okkur hvað kom fyrir, sagði hún.

– Tja, ég vaknaði við eitthvert hljóð, já, beinlínis brothljóð, og fór fram. En hér var allt með kyrrum kjörum.

Við vorum í fyrsta skipti í sunnudagsmat hjá ömmu í nýju íbúðinni og ég var að fara með diskana fram í eldhús og Jöri var að setja ís í skálar. Pabbi hafði flutt sig í gamlan hægindastól og dottaði þar. Marteinn og Matthildur voru heima. Þau nenntu ekki með. Við Jöri litum hvort á annað og fórum að hlusta.

– Og hvað svo? spurði mamma óþolinmóð.

– Ja, ég gekk út fyrir og í kringum húsið og sá lengi vel ekkert sértakt. Þangað til ég kom að þvottahús-glugganum. Ég hafði haft vit á að taka með mér vasaljós, annars hefði ég ekki botnað neitt í neinu. Botnað, já, það má segja það, sagði hún og hló lágt.

– Og þá hvað? spurði mamma skelkuð.

7.

– Bíddu hæg, sagði amma. Það sem ég sá var botninn á manni sem hékk fastur í glugganum. Afturendinn á honum stóð út úr glugganum og þarna spriklaði hann eins og silungur á öngli. Ekki var þetta nú fögur sjón. Ég held að ég hafi aldrei á lífsfæddri ævi minni séð skítugri rass á nokkrum buxum.

Við störfum öll á ömmu, og pabbi, sem hafði dottað í stólnum, var staðinn upp.

– Og hvað gerðirðu? hrópaði hann upp yfir sig.

– Nú, hvað heldurðu að ég hafi gert? sagði amma.

Auðvitað fór ég inn í þvottahús til að aðgæta hvort eitthvað væri á hinum endanum á þessum subbulega rassi.

Við Jöri fengum algjört hláturskast en mömmu og pabba stökk ekki bros.

– Guð minn góður, sagði mamma. Og það hefur væntanlega eitthvað hangið við þennan óhrjálega afturenda?

– Ja, öllu má nú nafnið gefa, sagði amma. Þetta var náttúrliga mannvesalingur. Alveg skelfingin uppmáluð. Ég spurði hann á hvaða ferðalagi hann væri en hann stundi bara og sagði: Geturðu losað mig?

– Og þér datt ekki í hug að hringja í mig? sagði pabbi öskureiður.

– Ætli þér veiti af að sofa, sagði amma. Hangir varla uppi. Nei, ég byrjaði að toga í mannkertið en það var sama hvernig ég togaði. Hann haggaðist ekki.

8.

– Þá fór ég að velta fyrir mér hvernig hann hefði komið handleggjunum og öxlunum inn um gluggaboruna en ekki grindhoruðum afturendanum, þetta hringlaði í buxunum og þá sá ég hvernig í öllu lá.

– Beltið á buxunum hans hafði krækst í krók sem er á veggnum við gluggann og hann gat náttúrlega ekki losað sig með handleggina inni í þvottahúsi. Ég held helst að þess háttar krókar utan á húsum hafi verið notaðir fyrir siginn fisk, getur það ekki verið?

Enginn hafði þessa stundina áhuga á hvort þess háttar krókar voru fyrir siginn fisk eða eitthvað annað.

– Svo ég fór út aftur og losaði hann af króknum, hélt amma áfram, og þá beinlínis datt hann inn um gluggann.

– Og þú hefur náttúrlega snarað þér inn um gluggann á eftir honum, sagði pabbi og við Jöri sprungum aftur úr hlátri.

Amma hló líka en mömmu stökk ekki bros.

– Nú, ég fór auðvitað inn, sagði amma og þá var hann á handahlaupum upp kjallarastigann en ég sagði honum að hann gæti að minnsta kosti sýnt þá mannasiði að þakka fyrir frelsunina. Og vísast veitti honum ekki af kaffisopa eftir þessar hremmingar.

– Er klósett hérna? spurði hann þá, ekki sérlega greindarlega og ég sagði honum að reyndar væru flestir í þessari borg hættir að setjast á kopp og vísaði honum á staðinn. Og af bununni, sem engan enda ætlaði að taka, merkti ég að hann væri sjálfsagt búinn að dingla lengi þarna í glugganum, þessi garmur. Hann hefði trúlega pissað niðrúr ef ég hefði ekki bjargað honum.

9.

Pabbi horfði þrumu lostinn á ömmu. Ertu með réttu ráði, mamma? spurði hann. Skilurðu ekki að þetta var bara venjulegur, ótíndur innbrotsþjófur?

Karlotta amma brosti út í annað.

– Jú, ætli ég hafi ekki haft grun um það, sagði hún.

Eitthvað gutlar nú á milli eyrnanna á mér þó það heyrist ekki hátt í því. En þetta var bara stráklingsgrey sem var nú ekki líklegt til stórræðanna. Mér sýndist ekki mikið að óttast. Enda fór hann að skæla yfir kaffinu.

Pabbi starði ráðþrota á ömmu.

– Þú fórst að hella í hann kaffi til að halda honum sem lengst í húsinu, sagði hann reiður.

– Æ, mér sýndist hann skelfing umkomulaus. Og mér er illa við að láta nokkurn mann sjá svo skítuga persónu koma út úr mínu húsi, sagði amma og beit í vörina.

Jafnvel í svartamyrkri.

Við Jöri vorum að pissa í brækurnar.

– Klæddirðu hann kannski úr buxunum og þvoðir þær? spurði Jöri og við sprungum.

– Ne-ei, sagði amma. Ekki beint. Ég sagði honum að fara úr þeim og leggjast undir teppi þarna á bekknum meðan ég skolaði úr þeim. Og þarna fékk ég loksins einhver not fyrir þurrkarann sem þið tróðuð upp á mig.

– Og lá þjófurinn bara berrassaður undir teppi og horfði upp í loftið á meðan þú þvoðir af honum reiðinginn? sagði pabbi.

10.

– Hann horfði nú ekki lengi upp í loftið, þessi veslingur. Hann steinsofnaði og vaknaði ekki fyrr en undir hádegi. Og þá fyrst var hægt að tala við hann, þó honum liði ekki vel. Hann var nefnilega orðinn drykkjumaður, það sá ég. Og lyktin leyndi sér ekki. Amma horfði sigri hrósandi á pabba. En ég gat nú talað svolítið vit í hann. Borðiði nú ísinn áður en hann bráðnar.

– Ég á ekki orð, sagði mamma. Og hvað varð svo um ... hérna, þennan nýja vin þinn?

Amma dró andann djúpt og horfði á mömmu og pabba til skiptis.

– Hann var hér í nokkra daga og ég lét hann borða vel, sagði hún. Svo talaði ég við dömuna á félagsmála-stofnun, þessa sem ég átti við um hann Benjamín veslinginn, og hún kom honum í meðferð eins og það er víst kallað. Ég bauð honum að vera í herberginu hérna þegar hann kæmi af sjúkrastofnuninni, ef hann færi aftur í skólann. Hann var í menntaskóla en var dottinn þar út í þessu óreglustandi, pillum og víni og þess háttar. Og þess vegna var hann farinn að hnupla. Þessi óþverri kostar víst ekkert smáræði. Þetta er ekki slæmur strákur, skal ég segja ykkur.

– Og á krakkinn ekki foreldra? spurði pabbi höstugur.

– Það á víst að heita svo, sagði amma. En pabbinn er meira og minna erlendis vegna vinnunnar og mamman er á Indlandi að hlúa að útigangshundum þar í landi. Það er víst hennar hjartans mál.

– Útigangshundum! Mamma hallaði sér aftur á bak og skellihló.

11.

– Þetta er vitlaust fólk, sagði pabbi.

– Það er víst einhver félagsskapur sem stendur fyrir þessari hundahjúkrun, sagði amma. Og foreldrunum fannst víst strákurinn nógu gamall til að vera einn í húsinu. En auðvitað þarf einhver að sinna honum, þessu skinni.

– Þetta er bara unglingur. Hvað haldiði að svona strákur borði og þrífi í kringum sig í einhverju húsferlíki sem hann er skilinn eftir í? Það safnaðist bara að honum alls konar unglingastóð með áfengi og jafnvel eiturylf og þess háttar. Og greyið fór að láta þetta oní sig líka.

Við borðuðum ísinn og ávexti úr dós og lengi sagði enginn neitt.

Loks tók amma til máls.

– Ég er nú ákveðin í að leyfa garminum að búa í herberginu þangað til foreldrarnir birtast aftur heima hjá sér, en með því skilyrði þó að hann fari aftur í skólann og haldi sig frá allri óreglu. Hann veit sem er að hann má þakka fyrir að ég hringdi ekki í lögregluna. Og hann vill fyrir enga muni blanda neinum ættingjum sínum í þetta. Hann ætlar að koma með það sem hann þarf í herbergið sjálfur, svo að ég þarf ekkert að hugsa um það. Ekki meðan hann er hér.

Ég horfði á hana ömmu og ég man að mér fannst hún allt í einu falleg.

Hún hafði líka breyst síðan hún flutti í íbúðina sína. Ég uppgötvaði allt í einu að hún var einhvern veginn orðin glaðari.

12.

Kannski var amma ekki eins þreytt og áður. Hún var bæði hætt að skúra hjá henni Jónu gömlu, sem hún leigði hjá, og að stjarna við hann Benjamín. Núna stjarnaði hún bara við okkur. Hún hafði miklu meiri tíma til að hugsa um sjálfa sig og henni þótti greinilega gaman að rækta blóm og hafa fínt hjá sér. Það drápust öll blóm í kjallaranum þar sem hún bjó öll þessi ár. Og allt í einu skildi ég hvað hún Karlotta amma hafði verið rosalega dugleg og ég fékk agalegt samviskubit yfir því hvað við hefðum hjálpað henni lítið. En þá mundi ég líka að hún vildi aldrei að neinn hjálpaði henni.

– Hann heitir reyndar Kolbeinn, þetta skinn, sagði amma.

Við vissum ekki alveg hvað okkur fannst um allt þetta þegar við fórum frá ömmu. En við vissum að minnsta kosti að amma mundi gera nákvæmlega það sem henni sjálfri sýndist, svo við yrðum bara að taka því sem að höndum bæri.

– Passaðu þig, maður, sagði mamma, þegar pabbi ræsti jeppann með rykkjum og skrykkjum.

– Ég hef áhyggjur af þessu uppátæki hennar mömmu, sagði hann. Hvað á hún, gömul manneskjan, að vera að taka að sér einhvern kolvitlausan strákskratta?

– Talaðu ekki svona, Karl Ottó, sagði mamma. Hún mamma þín hefur nú hingað til farið sínu fram, svo að ég held að við verðum bara að bíða og sjá hvað úr þessu verður. Hún segist sjá það í bollanum að þetta verði allt til góðs, bætti hún við og hló lágt.

13.

Einn morguninn þegar ég var að bera út tók ég eftir því að Mogginn komst ekki inn um póstrifuna hjá gömlu konunni í kjallaranum á 24. Ég reyndi og reyndi en ekkert gekk. Ég kíkti inn um lítinn glugga á hurðinni og þá sá ég að það var allt fullt af blöðum á gólfinu. Ég ákvað að hringja dyrabjöllunni en það svaraði enginn. Þá fór ég aftur upp tröppurnar og hringdi hjá fólkinu uppi á hæðinni en þar svaraði heldur enginn. Og þá sá ég að líka þar voru blöðin á gólfinu því að glugginn í þeirri hurð var miklu stærri. Kannski var bara enginn heima í húsinu. Ég gafst upp og svo gleymdi ég þessum vandræðum.

En þegar við vorum að borða um kvöldið minntist ég á þetta við Jöra.

– Gamla konan hefur nú varla farið langt, sagði mamma. En sonur hennar sem býr á hæðinni fyrir ofan er ekki heima. Konan var í klippingu hjá mér og sagði að þau væru að fara til Ameríku. Það eru nokkrir dagar síðan.

– Það mætti nú athuga hvort það er ljós hjá henni, sagði pabbi og leit út um gluggann í ganginum.

– Það er það reyndar, sagði hann þegar hann kom inn aftur. Gæti eitthvað hafa komið fyrir gömlu konuna?

– Ættum við ekki að athuga þetta? spurði mamma áhyggjufull. Það er aldrei að vita hvað gæti hafa komið fyrir og hún er ein í húsinu.

Mér brá rosalega. Ég hefði átt að hugsa út í það.

14.

Og þó að hann pabbi sé nú eins og hann er, svona dálítið mikið fyrir að láta annað fólk í friði, ákvað hann að labba út á 24 og kanna málið. Ég og Jöri fórum með. Við hringdum dyrabjöllunni en það svaraði enginn. Og það voru rúllugardínur fyrir öllum gluggum, svo að það var engin leið að sjá neitt inn. Pabbi ákvað þá bara að hringja í lögregluna því að hann kunni ekki við að brjótast inn í hús hjá ókunnugu fólki.

Það komu tveir lögregluþjónar og þeir voru rosalega almennilegir. Þeir opnuðu einfaldlega útidyrnar með einhverju tæki og fóru inn. Við biðum bara fyrir utan.

Annar maðurinn kom fram og við heyrðum að hann var að hringja í sjúkrabíl.

– Það var eins gott að þið komuð hingað, sagði hann. Veslings konan hefur dottið og er sennilega fótbrotin. Jafnvel handleggsbrotin líka. Hún þarf að komast sem fyrst undir læknishendur.

– Heldurðu að hún deyi? spurði ég skelkuð.

– Nei, sagði lögreglumaðurinn. Nei, nei. En hún er búin að liggja hjálparlaus í tvo til þrjá daga, veslings konan. Það vildi til að hún náði í mjólk og kaffi á borði við rúmið svo að hún fékk vökva, og er alveg sæmilega málhress. Hún komst hins vegar ekki að símanum. Ég sé að það hefur verið reynt að hringja í hana. Við hringjum í númerin sem hringt var úr.

Sjúkrabíllinn kom og gamla konan var sett á börur og borin í bílinn.

15.

Lögreglumennirnir slökktu ljósin og gengu frá útidyrnum. Ekki veit ég nú af hverju allar sírenur voru settar í gang þegar bíllinn ók burt.

– Þá hefur kannski langað til að sjá ótal hausa velta út um alla glugga í hverfinu, sagði pabbi. Það vantar ekki forvitnina í þetta lið.

Svona er hann pabbi bara. En ég sá líka að hann var glaður og ánægður yfir að hafa farið og gætt að gömlu konunni. Hann er nefnilega ferlega góður í sér, hann pabbi. Mér finnst bara stundum að honum finnist aðrir ekkert góðir.

Og þá mundi ég eftir því sem mamma hafði sagt mér um að pabba hefði verið strítt vegna pabba síns þegar hann var lítill. Getur verið að hann sé enn að ergja sig yfir því þegar hann er orðinn fimmtíu og átta ára gamall? Getur virkilega verið að maður gleymi bara aldrei neinu? En það var líka ofboðslega óréttlátt að stríða honum með því að hann var hermannabarn. Ekki gat hann að því gert. Ég varð næstum ringluð þegar ég gerði mér grein fyrir hvað ég átti eftir að skilja margt í lífinu.

Þetta endaði nú allt vel. Gamla konan er á batavegi og sonur hennar kom og þakkaði okkur öllum fyrir að hafa komið henni til hjálpar. Og hann gerði meira en það. Hann hringdi niður á Mogga og sagði frá því að við Jöri hefðum tekið eftir því að gamla konan tók ekki blaðið sitt. Og vitiði hvað? Við Jöri fengum uppbót á næstu mánaðarlaun fyrir.

16.

Það er alveg stórundarlegt hvað janúar og febrúar og mars eru lengi að líða.

Og ekki gerði það þessa mánuði betri að það var alltaf frekar leiðinlegt veður. Bara hundleiðinlegt. Endalaus slydda og aldrei almennilegur snjór. Það bjargaði okkur Baddí að við fórum oft í Skautahöllina og við erum orðnar bara ansi góðar á skautum. Ég get ekki neitað því að ég sé stundum fyrir mér að ég svífi um á ísnum í einhverjum æðislegum búningum, auðvitað í útlöndum, og allir stökkvi á fætur og æpi upp yfir sig af hrifningu en einmitt þegar ég er að fara að hneigja mig og hirða upp blómin sem fólkið kastar til mín pompa ég á rassinn í Skautahöllinni í Reykjavík.

Spælandi, en það var gaman meðan á því stóð. Og auk þess var ég löngu hætt við að verða fræg. Reyndar las ég í einhverju blaði viðtal við ægilega frægan rithöfund sem sagði að eina leiðin til að verða frægur væri að ætla ekki að verða það. Sko, ekki að byrja á því að ætla að verða frægur, heldur byrja á því að gera eitthvað af viti. Það held ég að sé alveg rétt.

Í skólanum gerðist svo sem ekki neitt sérstakt. Ég er bara ein af þeim sem læra það sem þeir eiga að læra heima og allt gengur ágætlega. Enda er það rétt eins gott, því að í svona stórri fjölskyldu eins og minni er alltaf eitthvað að gerast sem maður þarf að vera að hugsa um.

17.

Bæði Matthildur systir og Marteinn bróðir eru beinlínis að breytast. Já, þau eru að verða allt öðruvísi en þau voru fyrir stuttu síðan.

Þegar ég fer að hugsa um það.

Matthildur er alveg gjörbreytt eftir að hún fór að vera með Gumma. Hún er farin að hugsa og er hætt allri vitleysu. Lítur ekki í tískublöð og málur sig miklu minna en áður, bara í kringum augun og það finnst mér fínt, og hún er alltaf að læra, og skrifa ritgerðir, og er algjörlega hætt við að verða fyrirsæta. Ég held að þetta sé allt Gumma að þakka, hann er víst svo rosalega duglegur að læra. En það liggur nú við að ég sakni hennar eins og hún var, svona talsvert rugluð. Þá gat ég stundum talað við hana en núna hefur hún engan áhuga á mér. Lokar sig bara inni í herbergi með Gumma.

– Hann Guðmann hefur góð áhrif á hana Matthildi, sagði Karlotta amma eitt kvöldið þegar við vorum að borða. Matthildur var heima hjá Gumma að læra.

– Ætli þetta sé greint fólk, þarna á Sri Lanka? spurði pabbi og horfði hugsandi út í loftið.

Við Marteinn litum hvort á annað. Af hverju þurfti hann pabbi alltaf að segja einhverja svona vitleysu?

– Ætli það sé nú ekki upp og niður eins og alls staðar annars staðar, sagði Marteinn svolítið ergilegur. Mér finnst hann smám saman vera að verða svolítið pirraður á pabba og það finnst mér verulega leiðinlegt.

18.

– Ja, ég meinti nú þetta dökka fólk, sagði pabbi og ekki bætti það umræðuna.

Marteinn rauk á fætur. – Ég nenni ekki að hlusta á svona bull, sagði hann og þaut inn í herbergið sitt og skellti á eftir sér.

– Það er naumast, sagði pabbi. Maður má ekki opna munninn lengur án þess að einhver fari í fýlu.

Mamma reyndi að gera gott úr þessu. – Veistu það, Karl Ottó, krakkarnir eru ekki svona uppteknir af því að hann Gummi hefur dekkri húð en aðrir Íslendingar. Það fer í taugarnar á þeim að þú ert svona upptekinn af því. Viltu ekki bara hætta að minnast á það?

– Hann er nú enginn Íslendingur, sagði pabbi.

– Nú gat ég ekki stillt mig. Auðvitað er hann Íslendingur, sagði ég. Hann er ekki fæddur á Íslandi en það eru heldur ekki allir Íslendingar fæddir hér.

– Og hann Gummi veit ekkert um aðra foreldra en þá sem tóku hann að sér og hafa alið hann upp. Þau fundu hann bara á einhverju barnaheimili á Sri Lanka og þau eiga hann eins og þú átt okkur.

– Hann Gummi er prýðispiltur. Og hann hefur haft afskaplega góð áhrif á hana Matthildi, sagði mamma. Ég yrði ekki hissa þó að þau ættu eftir að verða saman talsvert lengi.

– Ég er viss um að pabbi heldur að ef Matthildur eignaðist krakka með Gumma, yrði krakkinn köflóttur, sagði Jöri.

Við fórum öll að hlæja og það bjargaði okkur frá frekari vandræðagangi þetta kvöldið.

Önnur umferð: Ljóð eftir Anton Helga Jónsson

Inngangur kynnis

Anton Helgi Jónsson fæddist í Hafnarfirði árið 1955 og bjó fyrstu tólf árin í Hraunkoti við Hellisgerði og gekk í Lækjarskóla.

Hann hefur alltaf verið sískrifandi en auk þess fengist við fjölbreytt störf. Hann var m.a. sviðsmaður hjá Leikfélagi Reykjavíkur og seinna forstöðumaður þjónustumiðstöðvar fyrir fatlaða stúdenta í Stokkhólmi. Þá hefur Anton Helgi unnið við auglýsingagerð og almannatengsl.

Hann gaf út sína fyrstu ljóðabók, *Undir regnboga*, árið 1974 og næsta bók hans, *Dropi úr síðustu skúr*, vakti verulega athygli. Hann hefur gefið út skáldsögu og skrifað leikrit, og unnið til marga viðurkenninga og verðlauna. Má þar nefna að hann hefur tvívegis hlotið Ljóðstaf Jóns úr Vör fyrir ljóð sín.

Margar ljóðabóka Antons Helga bera skemmtileg nöfn eins og *Hálfgerðir englar og allur fjandinn*, *Tannbursti skíðafélagsins og fleiri ljóð*, og *Tvífari gerir sig heimakominn*, sem er nýjasta bók hans og kom út á síðasta ári.

Nemendur geta nú valið milli tíu ljóða Antons Helga, en þau eru:

Eyrun á Blesa	Val keppenda
Berjaland	Eitthvað hefur gerst
Undir regnboga	Vor
Reykjavíkurannáll	Eftirleit
Þrítugasti maí	Bensínstöð við þjóðveginn

Óhjákvæmilegt er að nokkrir flytjendur lesi sama ljóðið, en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

Góða skemmtun!

Eyrun á Blesa

Mikið hafa eyrun á Blesa það gott.

Þau hafa útsýni yfir hagann
og niður að ánni, hlusta á spóa
láu og gæs.

Þau eru samtaka eyrun á Blesa
dilla sér og dansa
en einstaklingseðlið virðist þó skýrt:
Komi fluga að því vinstra
kvartar það eitt og sér.

Mikið hafa eyrun á Blesa það gott.
Þau hafa félagsskap hvort af öðru
horfast í augu og hlæja.

Annað er með eyrun á mér.
Á milli þeirra er ekkert
nema eintómur heili og vit.

Mikið hafa eyrun á Blesa það gott.

Val keppenda

Krakkarnir safnast í hóp á blettinum.
Einhver er ´ann
snýst í hringi
hleypur á eftir hinum
og það er fíflast og það er hlegið.

Fleiri

 fleiri

 krakkar nálgast.

Má ég vera með? hrópar fyrsti krakki.
Má ég vera með? hrópar annar krakki.
Má ég vera með? hrópar þriðji krakki.

Svona hefur alltaf verið spurt.

Þá kemur ein stelpa hlaupandi
og tekur sér stöðu.

Ég er með! kallar hún
og óvænt
fær leikurinn merkingu.

Berjaland

Hér allt um kring var mikið berjaland í æsku minni.
Krækiber, bláber og ekki síst aðalbláber.

Hversu mikið sem við tíndum
þá var alltaf jafnmikið eftir.

Dalurinn var allur grasi vaxinn.
Það var nóg af fugli
og það var fiskur í vatninu.

Samt var það eitthvað sem togaði í fólkið.

Síðasti ábúandinn hélt út einn í nokkur ár.
Hann endaði á elliheimili í fjarlægju plássi.

Eitthvað hefur gerst

Eitthvað hafði gerst
þegar ég vaknaði
á undan klukkunni
í morgun

Sólin
þessi trygglynda vinkona mín
gægðist
inn um rifu á gluggatjöldunum
og spurði:
Vakti ég þig?

Já, guði sé lof
svaraði ég
dró frá glugganum
og bauð vorinu inn.

Undir regnboga

Þegar ég stend í dyrunum
og virði fyrir mér
þennan nýfædda morgun
veit ég ekki gjörla
hvort ég hef verið hér áður
eða komið í nótt

Undir regnboga
gamalt hljóðfæri
úr myndabók hugans
ég reyni að stilla

Og ég veit ekki hvar þetta endar
með mig
áttavilltan í víðsýninu
berfættan í snjónum
með trefil í hitanum.

Vor

Það er sunnudagur sólskin og hiti
vorið býður í dans
öllum lifandi verum
sem elska að draga andann

Gráminn er burtu af fjallatindum
þau yngjast um allan helming
hlýindin fara mjúkum höndum
um vetrarsárin

Mennirnir gleyma að sofa út
vakna sprækir og frískir
úr röddinni sljóleikinn horfinn
þegar bjóða þeir góðan dag.

Reykjavíkurrannáll

Alvörugefinn var hann
þessi nýliðni vetur.

Stundum mátti þó kætast í myrkrinu.
Snemma morguns í desember
barst mér til eyrna lóusöngur
ofan úr tré
við Gunnarsbrautina.

Allan þann dag
leið mér töluvert betur.

Mig grunaði auðvitað starrann.
Engar heimildir geta þess að hann
kveði burt snjóinn og leiðindin.

Merkilegt samt
hvað þykjustan getur.

Eftirleit

Ég veit ekki hvað er að mér.
Ég geng yfir hálsinn
ég geng og ég geng og ég geng.

Ég geng niður dalinn
geng upp gljúfrið
ég geng.

Ég geng og ég þramma, ég arka
ég mjaka mér áfram
feta mig áfram
ég lalla
ég labba
ég ramba, ég rölti
ég spranga, ég stika
ég geng og ég geng.

Ég geng um í leit að sögu
ég geng um í leit að orðum
í leit að gömlum og nýjum orðum
orðum sem gætu bent mér á steina og grös
og hjálpað mér við að koma auga á landið.

Ég geng og ég geng og ég geng.

Þrítugasti maí

Nú er sumarið komið á vakt;
og ljósastaurarnir hanga aðgerðalausir
Skemmtiferðaskip flatmagar á ytri höfninni
en farfuglar tjalda í Laugardal.

Inn eftir Hverfisgötunni
kjagar malbikunarvél með unghóp
og stoppar umferð bifreiðanna.

Sjálfur ek ég mína leið í þýðum draumi.
Skipti um alla hjólbarða í vor
vil síður fara á grófa munstrið aftur.

Engan veginn reynist mögulegt að vita
hvers konar gata tekur við.
Í staðinn þrái ég tryggja birtu.

Sumarnóttin hefur takmark að dvalarleyfi
fer utan í ágúst
og þá kvikna augu ljósastauranna.

Með öðrum hætti lifa augu þín.

Bensínstöð við Þjóðveginn

Meðan ég dældi bensíni á bílinn
horfði ég inn eftir dalnum.

Ég ákvað að snúa aftur við betra tækifæri.
Kanna dalinn.

Ári seinna
stend ég aftur á sama stað og dæli bensíni á bílinn.

Ég horfi inn eftir dalnum
og hugsa með mér:
Hingað verð ég að koma.
Skoða mig um.
Tjalda á grónum stað og kanna dalinn.

Ég gefst ekki upp.

Næsta sumar ætla ég að koma hingað aftur
dæla bensíni á bílinn og horfa inn eftir dalnum.